

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 94/1986,  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

VI. kafli laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1994.***Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*

Nr. 100

20. maí 1994

**LÖG****um húsaleigubætur.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:**Markmið laganna.**

1. gr.

Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og að draga úr aðstoðumun á húsnæðismarkaðnum. Stefnt er að því að ná þeim markmiðum með sameiginlegri kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga sem nánar greinir í lögum þessum.

**Ákvörðun sveitarstjórnar um húsaleigubætur.**

2. gr.

Aðstoð sú, sem hér um ræðir, er í formi greiðslna til leigjenda sem nefnast húsaleigubætur og annast félagsmálanefndir sveitarfélaga afgreiðslu umsókna.

Til þess að íbúar sveitarfélags geti átt rétt til húsaleigubóta þarf að liggja fyrir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu húsaleigubóta.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. október ár hvert hvort sveitarfélagið greiði húsaleigubætur næstkomandi ár samkvæmt ákvæðum þessara laga. Þá ákvörðun skal sveitarstjórn auglýsa með tryggilegum hætti og tilkynna hana félagsmálaráðuneyti fyrir 1. nóvember sama ár ásamt áætlun um fjárhæðir bóta næstkomandi ár.